

## Sérstakar þakkir

Seltjarnarneskirkja

### Kammerkór Seltjarnarneskirkju

#### Sópran

Álfheiður Björgvinsdóttir  
Guðrún Lóa Jónsdóttir  
Halldóra Eyjólfsdóttir  
Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir  
Sigurlaug Arnardóttir

#### Alt

Bergþóra Ægisdóttir  
Sigríður Ása Sigurðardóttir  
Sigbrúður Erla Arnardóttir  
Þóra H. Passauer

#### Tenór

Ari Páll Kristinsson  
Gestur Ásólfsson  
Ólafur Guðmundsson  
Skarphéðinn Þór Hjartarson  
Snorri Valsson

#### Bassi

Árni Gunnarsson  
Gautur G. Gunnlaugsson  
Olgeir Helgason  
Þorsteinn Þorsteinsson

### Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

#### Fiðla

Drífa Örvarsdóttir  
Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Jónína Thorarensen  
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir

#### Víóla

Eydís Ýr Rosenkjær

#### Selló

Páll Einarsson

#### Kontrabassi

Kjartan Guðnason

#### Óbó / Englahorn

Guðrún Másdóttir  
Össur Ingi Jónsson

#### Trompet


Steinar Matthías Kristinsson  
Jóhann Ingi Stefánsson

#### Pákur

Frank Aarnink

#### Orgel

Björn Steinar Sólbergsson



# Dýrðartónar

Seltjarnarneskirkja  
12. september 2015  
Kl. 17.00

Kammerkór Seltjarnarneskirkju  
Félagar úr Sinfóníuhljómsveit áhugamanna  
Björn Steinar Sólbergsson, orgel  
Frank Aarnink, pákur

Stjórnandi: Friðrik Vignir Stefánsson

**Kammerkór Seltjarnarneskirkju** var stofnaður árið 1994 af fyrrverandi organista kirkjunnar, Vieru Manasek. Kórinn syngur reglulega við kirkjulegar athafnir en auk þess heldur kórinn tónleika að jafnaði tvisvar sinnum á ári. Meðal verka, sem kórinn hefur flutt á undanförunum árum, má nefna *Missa Brevis* eftir Jacob de Haan, *Beatus vir* eftir C. Monteverdi, *Magnificat* eftir A. Vivaldi, kantötuna *Wachet auf, ruft uns die Stimme* eftir J. S. Bach, kantatan *Herz und Mund und Tat und Leben* eftir J. S. Bach, *Magnificat op. 69, Hear my prayer* og *Drei geistliche Lieder op. 96* eftir F. B. Mendelssohn, *Missa Pastoralis* eftir F.X. Bixi, *Salve Regina* og *Ave María* eftir Egil Gunnarsson, *Magnificat í g-moll* eftir Tomaso Albinoni, *Missa pastoralis* eftir J.Ryba, *Beatus Vir RV597* eftir A. Vivaldi, *Freue dich, erlöste Schar BWV30* eftir J. S. Bach. Haustið 2014 flutti kórinn *Magnificat* eftir C.P.E.Bach og *Ein hoher Tag Kömmt* eftir G.A.Homilius. Einsöngvarar í þessum verkum koma yfirleitt úr röðum kórfélaga enda eiga margir þeirra að baki margra ára nám í klassískum einsöng.



**Friðrik Vignir Stefánsson** organisti og tónlistarstjóri Seltjarnarneskirkju er fæddur og uppalinn á Akranesi. Hann lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum á Akranesi og kantors- og einleikarprófi í orgelleik frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Kennarar hans á orgel voru Haukur Guðlaugsson, Fríða Lárusdóttir og Hörður Áskelsson. Veturinn 2005-2006 var Friðrik Vignir við orgelnám í Konunglega danska tónlistarskólanum, þar sem kennari hans var Lasse Ewerlöf. Auk þessa sótti hann kórstjórnartíma í dönsku kirkjutónlistardeildinni. Á árunum 1988-2005 var hann organisti og kórstjóri við Grundarfjarðarkirkju, sem og skólustjóri Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Friðrik Vignir var fyrsti organisti Hjallasóknar í Kópavogi, en frá hausti 2007 hefur hann starfað sem organisti við Seltjarnarneskirkju og stjórnandi Kammerkórs Seltjarnarneskirkju. Þá hefur Friðrik Vignir á síðustu árum haldið fjölda orgeltónleika, bæði hérlendis og erlendis, ásamt því að sækja meistaranámskeið hjá Rose Kirn, Jim Gotche, Mattias Wager, Christopher Herrick, Edward Kooiman og fleirum. Þá hefur hann síðustu ár sótt alþjóðleg sumarnámskeið fyrir orgelleikara í Haarlem í Hollandi. Sumarið 2014 sótti Friðrik alþjóðlegt sumarnámskeið fyrir orgelleikara í London á Englandi ásamt því að sækja einkatíma í orgelleik hjá Simon Williams á vegum Royal College of Organists.

**Sinfóníuhljómsveit áhugamanna** var stofnuð haustið 1990. Í hljómsveitinni leika hljóðfærleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist og viðhalda færni sinni. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-50 manns en alls hafa meira en 100 manns leikið með henni. Starfið er ólaunað. Ingvar Jónasson var listrænn leiðtogi hljómsveitarinnar allt frá upphafi til dauðadags 2014, en aðrir stjórnendur hafa einnig komið við sögu og stjórnað tónleikum eða einstökum verkum. Frá hausti 2005 hefur Oliver Kentish verið aðalstjórnandi hljómsveitarinnar. Hljómsveitin hefur sótt flest viðfangsefni sín til klassíska tímans en einnig hafa verið tekin til flutnings nýrri verk. Hún hefur frumflutt nokkur íslensk verk. Fjöldi þekktra, íslenskra einleikara hefur komið fram með hljómsveitinni. Hljómsveitin hefur átt samstarf við marga kóra og flutt smærri og stærri verk fyrir kór og hljómsveit.

## EFNISSKRÁ

### Dixit Dominus, RV 594 eftir A. Vivaldi (1678- 1741)

1. Kór: **Dixit Dominus**
2. Kór: **Donec Ponam**
3. Dúett ( sópran/sópran): **Virgam virtutis tuae**
4. Aría (alt): **Tecum Principium**
5. Kór: **Juravit Dominus**
6. Dúett (tenór/bassi): **Dominus a dextris**
7. Kór: **Judicati in nationibus**
8. Aría (sópran): **De torrente in via**
9. Kór: **Gloria Patri**
10. Kór: **Sicut erat**

Einsöngvarar:

Guðrún Lóa Jónsdóttir sópran, Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir sópran, Sigþrúður Erla Arnardóttir alt, Skarphéðinn Þór Hjartarson tenór, Árni Gunnarsson bassi

### Missa in honorem Beatissimae Virginis Mariae í Es-dúr eftir J. Haydn (1732 –1809)

1. Kór (sólókvartett): **Kyrie**
2. Kór (sólókvartett): **Gloria**
3. Kór (sópran/alt/tenór): **Credo**
4. Kór: **Sanctus**
5. Sólókvartett (kór): **Benedictus**
6. Kór: **Agnus Dei**

Einsöngvarar:

Sigurlaug Arnardóttir sópran, Þóra Hermannsdóttir Passauer kontra-alt, Skarphéðinn Þór Hjartarson tenór, Árni Gunnarsson bassi